

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 22. nóvember 2018

Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um tillögu til þingsályktunar um náttúrustofur, 29. mál, 149. löggjafarþing.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) lýsir ánægju með framkomna þingsályktunartillögunni og hvetur Alþingi að samþykkja efni tillögunnar.

FV telur að fela eigi náttúrustofum skýr hlutverk í náttúrurannsóknum og að þær eigi að gegna veigamiklu hlutverki á sviði rannsókna, vaktana og framkvæmd náttúruverndar á sínum starfsvæðum. Sú svæðisbundna þekking sem er innanborðs í náttúrustofum er mikilvæg og í henni felst ákveðið stofnanaminni sem þarf að efla og varðveita.

FV telur að starfshópur um starfssemi náttúrustofa eigi hér að taka skoðunar, hvort og hvernig megi skilgreina aukið lögbundið hlutverk náttúrustofa. Þeim sé t.d. falin ábyrgð á skilgreindu kjarnaverkefni- /um sem tryggi þeim einnig fjármagn af fjárlögum. Hér megi skapa skarpari skil á milli starfsemi náttúrustofa og Náttúrufraeðistofnunar og tryggi fjárhagslegt og stjórnsýslulegt sjálfstæði náttúrustofa.

Náttúrustofurnar hafa sýnt að þær hafa til þess faglegra burði og að hagkvæmt og eðlilegt er að rannsóknarstofnanir séu sem næst rannsóknarvettvangi. Með eflingu náttúrustofanna er einnig verið að auka mannaúð út um allt land og styðja við vísindastarf í dreifðum byggðum með hagkvæmum hætti.

Með eflingu náttúrustofa er einnig verið að styðja við markmið Alþingis og ríkisstjórnar er varðar markmið um fjölgun starfa í landsbyggðunum í Byggðaáætlun 2018-2024. Nánar tiltekið um B. liður *Tækifæri til atvinnu*, undirliðir¹ i og j sem eru síðan nánar útlistað sem verkefni B7 og B9.

Efling náttúrustofa ætti einnig að vera liður í að ná markmiðum aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftlagsmálum. Hlutverk náttúrustofa kæmi inn t.d. sem vöktun og ráðgjöf við framkvæmd C liðar, *Átak í kolefnisbindingu og bættri landnotkun*. Náttúrustofur gætu einnig átt hlutverk í D lið, *Aðrar aðgerðir*, s.s. við ráðgjöf og fræðslu til fyrirtækja og almennings.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

¹ i. Opinberum aðilum verði falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar.
j. Metnir verði kostir þess að staðsetja nýja starfsemi á vegum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins.